


Klettháls - Deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi / Klettháls 5




Gildandi deiliskipulag

M 1:1.000

Deiliskipulagið nær til lóða við Klettháls í Reykjavík og liggur norðaustan við Bæjarháls frá Vesturlandsvegi að lóðum við Tunguháls. Upphaflegt deiliskipulag sem var samþykkt 12. október 1999 og með breytingum árið 2003 var nýtingahlutfalli breytt. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Klettháls 5 er byggingarreitur á lóðarmörkum, nema 15 metra belti frá lóðarmörkum við götu.

Deiliskipulagið var samþykkt 10. júní 2003.



Breyting á deiliskipulagi

M 1:1.000

Deiliskipulagsbreyting þessi á við um lóðina við Klettháls 5 í Reykjavík sem er 6.140 m² að stærð. Núverandi nýtingarhlutfall er 0,40 samkvæmt gildandi deiliskipulag og verður hækkað í 0,50 með þessari breytingu.

Núverandi byggingarreitur miðast við 15 metra frá lóðarmörkum frá Kletthálsi og frá þeirri línu að lóðarmörkum. Skilgreindur er nýt innri byggingarreitur og tekur hann mið af síðari breytingu og liggur 3 frma lóðarmörkum á norðurhlíð lóðarinnar. Á þessum uppdrátti er einnig skilgreindur innri byggingarreitur og er hann miðaður við núverandi byggingu ásamt mögulegri stækkun sem deiliskipulagsbreytingin nær til. Heildarbyggingarmagn núverandi byggingar á lóðinni er 2.271 m²

Lóðarfrágangur

Við frágang á lóð er gerð krafa um gróður og skal hlutfall gróðurþekju á bílastæðum vera að minnsta kosti 5 % af heildarflatarmáli þeirra. Hlutfall gróðurþekju annarsstaðar á lóð skal að minnsta kosti vera 10 % og er þannig samtals gerð krafa um að 15 % af heildarflatarmáli lóðar sé gróðurþekja eða gegndræpt yfirborð. Með aðaltekningum af byggingum skal fylgja lóðarteikning, þ.e. séruppdráttur af lóð frá landslagsarkitekt sem gerir grein fyrir skipulagi lóðar þ.m.t. hæðarsetningu á lóð og bílastæðum, frágangi bílastæða, landmótun, gróðursetningu og plöntuvali og annan almennan frágang á lóðinni í samræmi við þessa skilmála. Trjágróðri skal planta meðfram lóðarmörkum. Lóðarhafar við Klettháls 5 og á aðliggjandi lóðum skulu vinna í samráði um frágang á lóðarmörkum og afmarka göngu- og akstíg á milli lóðar eins og kostur er.

Bílastæði

Heildarbyggingarmagn á lóðinni verður samtals 3.070 m² miðað við nýtingarhlutfall 0,50. Það skiptist á eftirfarandi hátt:

Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	1.125 m ²	15 bílastæði (1 bílastæði / 75 m ²)
Vörugæmslur	1.945 m ²	5 bílastæði (1 bílastæði / 360 m ²)



Samtals 3.070 m² 20 bílastæði

Nýtingarhlutfall 0,50

Tillagan nær til þriggja breytinga.


1. Að nýtingarhlutfall á lóðinni við Klettháls 5 breytist úr 0,40 í 0,50.
2. Að skilgreina innri byggingarreit á lóðinni og endurskoða núverandi afmörkun byggingareits.
3. Afmarka gróðursvæði á lóðarmörkum og samræma við endurskoðun á byggingarreit.

Vegna kvaða um lagnir frá Veitum verður haft samráð áður en aðaluppdrættir fara til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa. Allir aðrir samþykktir skilmálar eru óbreyttir.




Skýringaruppdráttur A - með loftmynd

M 1:1.000



Skýringaruppdráttur B

M 1:2.000



Skýringar

- Staðsetning breytingar á aðalskipulagi
- Mörk deiliskipulags
- Lóðarmörk
- Núverandi bygging
- Möguleg stækkun byggingar
- Byggingarreitur - Ytri
- Byggingarreitur - Innri
- Bílastæði
- Gróður að lágmarki 15% af grunnfleti lóðar
- Kvöð um holræsi frá Veitum

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

1/4 afn. f. skipulagsfulltrúa
20. júní 2024

Tillagan var grenndarkynnt frá 15. maí 2024 með athugasemdafresti til 13. júní 2024.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 12. júlí 2024

[Signature]

Deiliskipulagsbreyting þessi eru þrjú uppdættir dsk-101-102-103

18. júní 2024 Í grenndarkynningu komu fram ábendingar frá Veitum í sambandi við færslu á heimalögnum þegar til framkvæmda kemur á lóðinni. Engar frekari athugasemdir bárust.

Klettháls - Deiliskipulag
Klettháls 5 - Deiliskipulagsbreyting

Mælivarði 1:1.000	Hannað HGG, MB	Tekning nr. dsk-01
Dagsetning 8. apríl 2024	Breyting HGG, MB	Staðfang A2



Hermann Georg Gunnlaugsson
landslagsarkitekt F.L.A.
Laugavegi 168 - 105 Reykjavík
511 1820 - 862 1642
netfang: tstor@tstor.is
vefvang: www.tstor.is